

# EFTIRLITSSKÝRSLA

Elkem Ísland ehf. Hvalfjörður



UMHVERFISSTOFNUN

<b>Dags eftirlits</b>	26.6.2017	<b>Ábyrgðarmaður eftirlits</b>	Einar Halldórsson
<b>Fyrirtæki</b>	Elkem Ísland ehf.	<b>Eftirlitsmaður</b>	Sverrir Aðalsteinn Jónsson
<b>Heimili</b>	Grundartanga	<b>Tegund eftirlits</b>	Reglubundið fyrra eftirlit
<b>Kennitala</b>	6406750209	<b>Flokkur</b>	Kísilverksmiðja
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>	Sigurjón Svavarsson	<b>ÍSAT nr.</b>	24.10.0
<b>Fulltrúi fyrirtækis</b>		<b>Staðsetning</b>	365514,62 431317,984

## NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Farið var í fyrra reglubundna eftirlit ársins hjá Elkem Ísland ehf. Eitt frávik er skráð frá starfsleyfi og ein athugasemd gerð.

## UMFANG EFTIRLITS

Unnið er skv. úrbótaáætlun að fyrri frávikum sem varða deigluhreinsun og mælingar við minni ryk uppsprettur. Ráðgert er að húsnæði fyrir deigluhreinsun verði tilbúið á næsta ári. Mælingar á ryki við steypubelti hafa tafist en gert er ráð fyrir því að mæling fari fram í ágúst en verið var að setja upp aðstöðu við punkt G á mæliáætlun.

Sængursteypu hefur nú verið hætt en að sögn rekstraraðila hefur það bætt loftgæði í kælisal ofnhússins um 57% og minnkað uppsóp um 24%. Rætt var um útblástur frá reykahreinsivirkjum og af hverju það er notað reiknilíkan en ekki raunmælingar til að meta losun þar frá. Samkvæmt rekstraraðila er það vegna lögun þeirra en það þyrfti að gera skorstein til að mæla þar. Ef setja ætti mælitæki með lasergeisla hittir hann ekki á sama stað en málið er í skoðun.

Bilun varð þann 1.febrúar á ofni 3 en nokkrir síupokar skemmdust vegna massaleka í rafskautum. Almenn séð er viðhaldsstopp á hverjum ofni á 5 vikna fresti og er ofninn þá stöðvaður í 4-5 tíma. Auk þess eru að jafnaði 1-2 óundirbúin stopp í hverjum mánuði ásamt smærri á hverjum ofni ásamt litlum viðhaldsstoppum þar sem hið er up skaut og fl.

Rætt var um skráningar en haldið er utan um viðhald og skráningar í miðlægum gagnagrunni. Öll stærri atvik og óhöpp fara í rötargreiningu skv. lean aðferðafræðinni. Í lok fundar var rætt úrgang og aukaafurðir frá fyrirtækinu en um 91% aukaafurða eru endurnýttir eða endurunir.

Farið var í ofnhús og skoðað steypubelti og hringekjur. Nokkuð reykmettað var inn í ofnhúsi og greinilegt ryk kom frá hringekju meðan útsteyping stóð yfir. Því næst var gengið var um lóð og farið hjá hráefnisgeymslum og reykahreinsivirkjum. Rafskautamassi var geymdur á óbundnu slitlagi á lóð verksmiðjunnar og beðið var um öryggisblað rafskautamassans sem barst eftir eftirlit. Einnig fengust upplýsingar um feril við afhendingu rafskautamassans til notkunar en daglega er rafskautamassinn fluttur úr gámum á svæði fyrir framan ofnhúsið í takmörkuðu magni. Allur massinn er svo fluttur upp á fjórðu hæð ofnhússins þar sem hann er notaður en geymslan utandyra er að mestu 5-6 tímar á malbikuðu plani en massinn er varinn gegn vatni og innpakkaður í plastfilmu.

### Frávik frá

grein 2.2 - Hráefnisgeymslur, vörugeymslur og eldsneyti

### Lýsing á frávik

Ef geyma á rafskautamassa til lengri tíma úti þarf hann að vera á bundnu slitlagi og á þurrum stað undir þaki til að tryggja örugg geymslukilyrði skv. öryggisblaði efnisins.

## ATHUGASEMDIR

Ústreymisbókhalda fyrir árið 2016 var ekki skilað fyrir 1.maí sl. Upplýsingarnar voru þó sendar sem hluti af umhverfisskýrslu Elkem en stofnunin bendir á að senda þurfi excelskalið fyrir PRTR sérstaklega. Stofnunin bendir

einnig á að árlegar áminningar fyrir skilin hefur verið hætt.


#### **ANNAÐ**

Búið er að færa rafskautamassann sem var geymdur var úti á óbundnu slitlagi og telst því frávikinu lokið.

Reykjavík, 05.09.2017

**1** Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

**2** Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

  
Einar Halldórsson